

Norðurþing  
Gaukur Hjartarson, skipulagsfulltrúi  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík, 10. nóvember 2022  
Tilvísun: 202211003 / 3.4

## Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi Deiliskipulag Akursels, Norðurþing

Norðurþing hefur, með erindi dags. 1. nóvember 2022, sent Skipulagsstofnun skipulags- og matslýsingu til umsagnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í sveitarstjórn 27. október 2022 og varðar tillögu að deiliskipulagi Akursels.

Samkvæmt lýsingunni sem er dagsett 26. september 2022 er gert ráð fyrir að vinna tvær deiliskipulagsáætlanir og skipta jörðinni Akursel sem er 1350 ha að stærð í tvö svæði, þ.e. norður- og suðurhluta.

Viðfangsefni norðurhlutans er að gera grein fyrir frekari sjótöku fyrir núverandi eldisstöð sem er skammt undan skipulagssvæðisins og nýrri borholu, leggja á dren í fjöru. Gert er ráð fyrir nýju dælumannvirki og lögnum að eldisstöð. Einnig er áformað að koma fyrir mykjutank fyrir fiskmykju og endurnýja eldri brú.

Viðfangsefni suðurhluta svæðis er að afmarka 800-1000 ha svæði fyrir skógrækt til kolefnisbindingar og skilgreina svæði til dreifingar fiskmykju til landgræðslu. Gert er ráð fyrir 15-20 frístundalóðum og munu einhver eldri mannvirki í Akurseli verða fjarlægð.

Stofnunin telur ekki tímabært að gefa umsögn um lýsinguna þar sem ekki liggur fyrir hvenær eða hvort verði unnin aðalskipulagsbreyting fyrir sama svæði, en áformin eru ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag. Einnig er bent á að fyrirhuguð vatnstaka, eða aukningu á sjótöku við núverandi eldisstöð og borun eftir heitu vatni (þar sem fyrirhuguð stækkun mun þurfa um 1500m<sup>3</sup>/sek), vatnstaka og skógrækt að því umfangi sem fjallað er um í lýsingunni falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Stofnunin telur því rétt að bíða með umsögn þar til frekari gögn og upplýsingar liggja fyrir, en bendir á eftirfarandi atriði:

- Samkvæmt tölulíð 10.19 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana fellur vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn með 300 l/sek. meðalrennsli eða meira á ári í svokallaðan A-flokk. En það þýðir að grunnvatnsvinnsla yfir 300l/sek er alltaf háð mati á umhverfisáhrifum. Gildir þá einu hvort grunnvatnið sé ferskt, salt eða einhvers konar blendingur. Fyrirhuguð stækkun kallar því á mat á umhverfisáhrifum.
- Áform um skógrækt á um 800-1000 ha svæði, fellur undir tölulíð 1.04 skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
- Varðandi úrfærslu deiliskipulags á norður hluta svæðisins er tilefni til að skoða hvort ekki væri eðlilegra gera breytingu á gildandi deiliskipulagi iðnaðarsvæðis I3 Núpsmýri.

Í lokin bendir Skipulagsstofnun á að vinna þarf að gerð deiliskipulags samhliða breytingu á aðalskipulagi sbr. 2. mgr. 41.gr. skipulagslaga sem auglýst skal áður eða samhliða. Hægt er að sameina gerð lýsingar fyrir bæði breytingu á bæði aðal- og deiliskipulagi og jafnframt er bent á að

Það er ákveðin hagur fyrir sveitarfélagið að vinna skipulagsgögnin og umhverfismat samhliða sbr. gr. 9 skv. lögum nr. 111/2021 og því tækifæri til að sameina skýrslugerð (umhverfismatsskýrslu) og kynningar/auglýsingarferli áður en lengra er haldið.

*Berglind Sigurðardóttir*  
Berglind Sigurðardóttir